# Heimilislæknaþingið 2016

## í Reykjavík 7.-8. október

Heimilislæknaþing Félags íslenskra heimilislækna verður haldið á Grand Hótel dagana 7. -8. október 2016. Skráning er á *thorunn@islandsfundir.is* fyrir 2. september.

Eins og á fyrri þingum verða kynntar rannsóknir, rannsóknaráætlanir og þróunarverkefni í erindum og veggspjöldum. Útdráttum (sjá leiðbeiningar) skal skila til Emils L. Sigurðssonar á *emilsig@hi.is* og er skilafrestur til 26. ágúst næstkomandi. Ágripin verða birt í sérstöku riti þingsins.

- Útdráttur á rannsókn skal rúmast á einu A4-blaði með hefðbundnum spássíum og hægri jöfnun. Texti getur að jafnaði verið um 300-350 orð.
- Letur: Times New Roman.
- Leturstærð 16 í fyrirsögn og 14 í megintexta.
- Nota skal lágstafi í fyrirsögn.
- Á eftir fyrirsögn koma nöfn höfunda.
- Undirstrikið nafn flytjanda/aðalhöfundar ásamt vinnustað hans og tölvupóstfangi.
- Ef um hefðbundna megindlega rannsókn er að ræða skal megintexta skipt í:
- Bakgrunnur; Tilgangur; Efniviður og aðferðir; Niðurstöður og Ályktanir. Framsetning eigindlegra rannsókna getur verið frjálslegra, en kaflaskipti æskileg. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir heimildalista í útdrætti.

Þinginu lýkur með aðalfundi Félags íslenskra heimilislækna laugardaginn 8. október.

Nánari dagskrá verður send í tölvupósti til félagsmanna þegar nær dregur.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar,

*Emil L. Sigurðsson og Þórdís Anna Oddsdóttir*

# Hugmynd að dagskrá fyrir Læknadaga?

Þeir sem vilja leggja til efni í dagskrá Læknadaga 16. – 20. janúar 2017 eru beðnir að fylla út umsóknarblað á innra neti Læknafélagsins (*lis.is* undir TENGLAR) og senda til Margrétar Aðalsteinsdóttur margret@lis.is fyrir 10. maí næstkomandi.

Undirbúningsnefnd

Myndir: Margrét Aðalsteinsdóttir



